

Dagvistunarheimili samkvæmt lögum þessum eru: 1. Dagheimili fyrir börn frá þriggja mánaða til skólaskyldualdurs, þar sem börn geta dvalist a.m.k. 5 st. á dag. 2. Skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri. 3. Leikskólar fyrir börn frá tveggja ára til skólaskyldualdurs, þar sem börn geta dvalist a.m.k. 3 st. á dag.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: 1. 0.25% almennur launaskattur af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum er launagreiðendur greiða skv. reglum laga nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt. 2. Vaxtatekjur. 3. Önnur framlög og tekjur, sem til kunna að falla.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn sjóðsins. Sjóðurinn skal vera í vörslu veðdeildar Landsbanka Íslands sem annast afgreiðslu lána og innheimtu afborgana og vaxta.

5. gr.

Lán úr sjóðnum má veita sveitarfélögum er hlotið hafa styrk úr ríkissjóði eða fengið hafa samþykki fyrir slíkum styrk til að reisa dagvistunarheimili samkvæmt l. nr. 29 21. apríl 1973, um dagvistunarheimili, og uppfylla öll skilyrði þeirra laga um undirbúning og framkvæmd slíkra mála.

6. gr.

Lán, sem veitt eru úr sjóðnum, mega nema allt að 30% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis fyrir dagvistunarheimili og skulu þau tryggð með veði í því.

Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánnum annars staðar frá, er nemi allt að 50% af kostnaðarverði húsnæðis.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um lánstíma og lánskjör.

8. gr.

1. gr. laga nr. 95 23. desember 1974, um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3.75% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutarráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnframlag, 1.50% renna í ríkissjóð og 0.25% renna til Lánasjóðs dagvistunarheimila.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 29 21. apríl 1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, var stigið stórt spor í framfaraátt í dagvistunarmálum.

Þróun þessara mála síðan 1973 sýnir að fjárframlög ríkisins hafa verið sveitarfélögum mikil hvatning til að koma dagvistunarmálum í betra horf en áður var,

enda þörfin mikil. Þótt stutt sé síðan lögin komu til framkvæmda má þegar greina, hver lyftistöng lögin hafa verið sveitarfélögum. Þetta sést á eftirfarandi samanburði:

Árið 1973 voru dagheimili í 10 sveitarfélögum og leikskólar í 25 sveitarfélögum, en í 7 þeirra starfaði leikskóli aðeins hluta af árinu. Það ár greiddi ríkið 10 millj. í stofnkostnað.

Árið 1974 var greitt upp í stofnkostnað 19 heimila í 11 sveitarfélögum. Fjárframlag ríkisins til stofnkostnaðar það ár var 40 millj.

Árið 1975 eru á fjárlögum 60.1 millj., sem renna eiga til 39 heimila í 18 sveitarfélögum.

Vegna fjárlaga 1976 liggja nú fyrir umsóknir vegna byggingar 10 nýrra heimila. Verði þeim umsóknum sinnt, eru heimilin orðin 49 í 25 sveitarfélögum. Á fjárlögum 1976 er áætlað að verja 68.4 millj. til stofnkostnaðar dagvistunarheimila, en tillaga menntamálaráðuneytisins hjóðar hins vegar upp á 164.468 millj. kr.

Það er því ljóst að þörfin á uppbyggingu dagvistunarheimila í landinu er mjög brýn og frekari fjármögnunar þörf. Því er þetta frumvarp flutt.

Hér er lagt til að stofnaður verði sjóður í því skyni að stuðla að því með lánveitingum að byggð verði dagvistunarheimili fyrir börn. Er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði fjármagnaður með 0.25% almennum launaskatti af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum er launagreiðendur greiða skv. reglum laga nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, og megi veita sveitarfélögum lán til byggingar dagvistunarheimila sem nemi allt að 30% áætlaðs stofnkostnaðar. Sú hlutfallsaukning á launaskatti sem flm. leggja til í þessu skyni, mun skila tæpum 220 millj. kr. á næsta ári.

Breytt viðhorf og breyttir þjóðfélagshættir valda því að æ fleiri konur stunda störf utan heimilis. Því verður ekki neitað að vinnuframlag þeirra er atvinnulífi þjóðarinnar nauðsyn. Fjárframlag launaskattsgreiðenda til uppbyggingar dagvistunarheimila er því að dómi flm. í fyllsta máta eðlilegt. Það er sjálfsögð og sanngjörn krafa að börnum séu tryggð góð uppeldisskilyrði á dagvistunarheimilum meðan foreldrar þeirra stunda vinnu sína.